

174. Þingflokksfundur, miðvikudaginn 24. ágúst 2016 kl. 13.

Fundinn sitja: Ásta, Birgitta, Helgi Hrafn, Guðjón og Bylgja.
Berglind ritar fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð 173. þingflokksfundar var samþykkt. Bylgja samþykkti fundargerð 171. þingflokksfundar

2. Dagskrá þingfundar

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag.

3. Óundirbúnaðar fyrirspurnir/störf þingsins

Allur þingflokkurinn er skráður í störf í dag.

4. Bréf úr nefndum/fundum

Ásta brífaði úr umhverfis- og samgöngunefnd þar sem málefni flugvallarins í Vatnsmýri var til umræðu. Birgitta gerði grein fyrir stöðu mála, í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, um frumvarp um meðferð sakamála (skilyrði fyrir beitingu símahlustunar) og EES reglur um fjármálaeftirlit, og ræddi þingflokkurinn um málin. Einnig var rætt um stöðu frumvarps um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum sem er til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd.

Birgitta vakti athygli á óþinglýstum kaupsamningum í samhengi við afnám hafta. Málið var stuttlega rætt og munu Ásta og Birgitta skoða málið. Birgitta greindi einnig frá óformlegu boði á fund um búvörusamninga. Ásta hefur þegar hitt hagsmunaaðila sem koma að málinu og ákveðið var að afþakka frekari boð á fundi að svo stöddu. Birgitta vakti að lokum athygli á sameiginlegum fundi í fjárlaganefnd kl. 14 og mun allur þingflokkurinn sækja fundinn.

5. Ljósleiðaravæðing Íslands

Birgitta vakti athygli á málinu. Guðjón sendir upplýsingasviði fyrirspurn um málið.

6. Fyrirspurnir/viðtöl:

a) Fyrirspurn um afturvirka leiðréttingu á kjörum aldraðra og öryrkja

Guðjón framsendir erindið á formann Pírata 60+.

b) Ráðstefna EPACA

Birgitta vakti athygli á erindinu.

c) Þing ASÍ 27. október

Guðjón tilkynnir þátttöku Ástu Guðrúnar með fyrirvara um breytingar.

d) Sviðsmyndafundur vegna byggðastefnu - NMÍ

Óskað er eftir fulltrúa Pírata á fundinn sem verður haldinn 30.-31. ágúst. Lagt var til að Kristín Vala yrði tilnefnd. Guðjón hefur samband við Kristínu.

**7. Tilnefning eins þingmanns Pírata til að sækja allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna
9. - 21. október í New York**

Birgitta greindi frá málinu. Ákveðið var að tilnefna Helga Hrafn sem fulltrúa þingflokksins. Guðjón sendir staðfestingu þess efnis.

8. Önnur mál

Bylgja vakti athygli á fyrirspurnum frá hagsmunasamtökum og beiðnir um fundi. Bylgja greindi jafnframt frá fundi sem verið er að skipuleggja 4. september nk. Þá er einnig verið að skipuleggja viðburð í tengslum við Fund fólksins 3. september. Bylgja greindi að lokum frá því að úrskurður frá NV kjördæmi er að vænta innan skamms.

Fundi slitið kl. 14.